

Sektirnar renna í landssjóð.

Nr. 42.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal farið með málin sem almenn lög- 3. nóv. reglumál.

22. gr.

Lög nr. 50, 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar, eru úr gildi numin, að því undanskildu, að staflíður a í 9. gr., gengur eigi úr gildi fyr en 1. jan. 1918, að því er við kemur utanlandssiglingum á verslunarskipum.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amalúborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Lög

um

atvinnu við vjalgæslu á gufuskipum.

Nr. 43.

3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

* *Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öllum er heimilt að leita sjer atvinnu við vjalgæslu á íslenskum gufuskipum með takmörkum þeim, er sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá einn, er öðlast hefir vjalgæsluskirteini, á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel (indiceret).

Skirteinið öðlast sá einn, er:

- hefir staðist vjalgæslupróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
- hefir stundað járnsmíði í 3 ár, eða verið kyndari eða aðstoðarmaður við gæslu gufuvjela í 3 ár, og hefir meðmæli smíða þeirra eða vjelstjóra, er hann hefir unnið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekking á hirðingu gufuvjela;

Nr. 43. c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
3. nóv.

Stjórnarráðið setur reglugjörð um það, hvernig vjelgæslukenslunni skuli háttáð, svo um vjelgæsluprófið og prófskilyrði.

3. gr.

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 75 hestafla vjel í 1 ár, á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með minna en 200 hestafla vjel.

4. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 5. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

5. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem:

- a. hefir staðist vjelstjórapróf við vjelstjóraskólann í Reykjavík;
- b. hefir verið kyndari eða aðstoðarmaður vjelgæslumanns á gufuskipi í 12 mánuði, og hefir meðmæli þess eða þeirra vjelstjóra, sem hann hefir verið hjá, fyrir dugnað og reglusemi og þekkingu á hirðingu gufuvjela;
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

6. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 7. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel.

7. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með 200—700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 5. gr.:

- a. hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel í 2 ár, og hefir meðmæli frá yfirvjelstjóra þeim eða yfirvjelstjörum, sem hann hefir unnið hjá, fyrir reglusemi og næga þekkingu á meðferð og hirðing gufuvjela.
- b. er 25 ára að aldri.

8. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, er ræðir um í 9. gr., á rjett til að vera undirvjelstjóri, þ. e. annar eða þriðji vjelstjóri, á guluskipi með meira en 700 hestafla vjel.

9. gr.

Sá einn getur öðlast undirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr., fullnægir annaðhvort skilyrðum þeim, sem sett eru í 7. gr. a., eða hefir verið aðstoðarmaður vjelstjóra á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel í 2 ár.

10. gr.

Sá einn, er öðlast hefir skírteini það, sem ræðir um í 11. gr., á rjett til að vera yfirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel.

11. gr.

Sá einn getur öðlast yfirvjelstjóraskírteini á gufuskipi með meira en 700 hestafla vjel, sem auk þess að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. og stafflið b. í 7. gr., hefir verið undirvjelstjóri á gufuskipi, með meira en 700 hestafla vjel í 1 ár.

12. gr.

Á gufuskipi, með meira en 100, en minna en 700 hestafla vjel, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og einn undirvjelstjóri, sem fengið hafa skírteini samkvæmt 2., 3., 5. og 7. gr., eftir því sem við á.

Nóg er, að einn vjelstjóri, sem fengið hefir vjelgæsluskírteini samkvæmt 2. gr., sje á skipi með minna en 100 hestafla vjel.

Á gufuskipi, með 700 hestafla vjel, og þar yfir, skal vera að minsta kosti einn yfirvjelstjóri og tveir undirvjelstjórar. Skal yfirvjelstjóri hafa fengið skírteini samkvæmt 11. gr., en undirvjelstjórnir samkvæmt 9. gr.

Ekkert íslenskt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn til siglinga innanlands eða á milli landa, nema á því sje það vjelgæslulið, sem áskilið er í þessari grein.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2.—3., 5., 7., 9. og 11. gr., eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur.

Fyrir yfirvjelstjóraskírteini skal greiða 4 kr., en undirvjelstjóraskírteini 2 kr., og rennur hvorttveggja í landssjóð.

Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, er Stjórnarráðið semur.

Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því, sbr. 15. gr.

14. gr.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð Stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

15. gr.

Nú verður maður dæmdur fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert vjelstjóraskírteini sínu.

16. gr.

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjóraþróf samkvæmt lögum þessum, er Stjórnarráðinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum, eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Skírteini þau, sem hjer ræðir um, má þó eigi veita eftir 1. janúar 1925.

Til sama tíma eiga þeir Íslendingar, sem lokið hafa vjelstjóraþrófi erlendis, kost á að fá slík skírteini, þótt ekki vanti vjelstjóra.

Heimilt er Stjórnarráðinu að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 700 hestafla vjel. Þó má Stjórnarráðið ekki veita slík skírteini, nema brýn nauðsyn sje, og ekki lengur en til eins árs í senn.

Beiðni um slík skírteini skal fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Leyfi þessi ganga úr gildi 1. janúar 1920.

Nr. 43. Til 1. jan. 1920 er Stjórnarráðinu og heimilt að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. greinar.

Þessa heimild má því að eins nota, að hún sje nauðsynleg.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr.; ef brot er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Sá, sem fengið hefir vjelstjóraskírteini áður en lög þessi öðlast gildi, skal njóta rjettinda þeirra, er lög þessi ákveða. Þó skal það tekið fram berum orðum í skírteini því, er hann fær samkvæmt lögum þessum, að það sje gefið út eftir þessari undanþágheimild.

Sá, sem fengið hefir undanþáguleyfi til að vera undir- eða yfirvjelstjóri, áður en lög þessi öðlast gildi, og eigi lokið vjelstjóraprófi, má halda stöðu sinni á samskonar skipi og undanþáguleyfið var veitt til.

19. gr.

Lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum og lög nr. 19, 2. nóvember 1914, om breytingu á og viðauka við þau lög, eru hjer með numin úr gildi.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.